



MIDVIKUDAGUR 11. MARS 2020

Heimsending



Einhverjir muna eftir mjólkursendlinum og flestir þekkja pítsu-sendilinn en báðir eru samofnir hugmyndinni um heimsendingar. Hægt er að rekja sögu þessarar þjónustu langt aftur í tímann. ➔[6](#)

VERTU LAUS VIÐ VERKI

BÓLGUEYÐANDI, VÖÐVASLAKANDI OG VERKJASTILLANDI



Fæst í apótekum, heilsubúðum og www.heilsanheim.is



Gunnar Egill Sigurðsson er framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa sem reka meðal annars verslunina Nettó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fólk og umhverfi nýtur góðs af heimsendingum

Heimsendingarþjónusta Nettó nýtur gífurlegra vinsælda og sífellt fleiri sjá sér hag í því að gera matarinnkaup vikunnar á netinu. Með heimsendingu er allt að vinna, það er umhverfisvænt, sparar tíma, fyrirhöfn og peninga. ➔[2](#)

Framhald af forsiðu ➔

Undanfarna daga hefur orðið sprenging í heimsendingu á matvöru í Nettó og við finnum að fólk hefur fækkað ferðum sínum í búðirnar en fyllir stærri kórfurnar í hverri ferð. Það er gríðarleg ásókn í vefverslunina og í gær var okkar stærsti dagur frá upphafi, og sá stærsti þar á undan var í fyrradag,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa.

Hann mældi áður aðsókn í vefverslun og heimsendingarþjónustu Nettó í mánuðum en nú mælist hún í vikum og dögum.

„Þetta er bæði vegna kórónaveirunnar en líka vegna aukinnar tilhneigingar til netverslunar í þjóðfélaginu. Fólki er ráðlagt að forðast mannmergd og taka óþarfa áhættu og beina verslun sinni frekar í gegnum vefverslanir og heimsendingar. Því höfum við sprengt allt utan af okkur á liðnum dögum, okkur vantar enn fleiri bílstjóra í heimsendingarnar og Aha bætti við fjórum nýjum bílum í síðustu viku en þau kaup eru þegar sprungin,“ upplýsir Gunnar Egill.

Allt keyrt út á rafbílum

Þegar kemur að heimsendingu matvara er Nettó í samstarfi við markaðstorgið Aha.

„Lykill að góðum árangri í heimsendingum er skilvirkni. Því ákváðum við strax í upphafi að efna til samstarfs við Aha því við vildum úthýsa þeim þætti starfseminnar frá rekstri vefverslunar. Umhverfisvernd er sömuleiðis leiðarljós okkar í heimsendingum og því eru allar sendingar frá Nettó keyrðar út á rafbílum Aha,“ segir Gunnar Egill, en í rafbílaflota Aha eru nú alls tuttugu bílar og tíu hleðslustöðvar.

Vefverslun og heimsendingarþjónusta Nettó var opnuð haustið 2017 og var strax tekið fagnandi hjá neytendum. Nú þegar er keyrt með vörur heim á öllu höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri og í skoðun eru nýjar leiðir í dreifbýlinu, til dæmis í Eyjafirði og á Suðurlandi.

„Við finnum fyrir vaxandi eftirspurn eftir heimsendingu hjá íbúum í dreifðari byggðum landsins en líka hjá aðilum í ferðaþjónustu sem vilja nýta sér þjónustu okkar frekar en stærri birgja í nærsamfélaginu,“ upplýsir Gunnar Egill.

Sparnaður í alla staði

Heimsendingarþjónusta Nettó er einkar hagstæð fyrir viðskiptavin.

„Ef keyptar eru vörur fyrir 15 þúsund krónur eða meira kostar ekkert að fá vörurnar sendar heim, og aðeins 1.490 krónur ef keypt er fyrir lægri upphæð. Reynslan sýnir að hver viðskiptavinur fer að meðaltali þrisvar í viku í matvöruverslun en séu vikuinnkaupin gerð í vefverslun Nettó sparast bæði akstur, tími og fyrirhöfn ásamt því sem innkaupin verða umhverfisvænni og heimsendingin frí,“ útskýrir Gunnar Egill.

Hann segir skýr merki um að þessi neysluhegðun sé að breytast hjá landsmönnum.

„Með því að versla á netinu er hægt að spara sér 20 kílómetra akstur á viku og fá heimsendinguna fría. Sá skilningur er að verða æ útbreiddari, flestir vilja versla á sem umhverfisvænastan máta og við sjáum fólk nota netið í æ meiri mæli til að gera stórinna kaup en svo stekkur það eina eða tvær ferðir í búðina til að kaupa eitt-hvað smálegt sem vantar. Í framtíðinni mun því fólk gera stórar pantanir fyrir heimilið einu sinni



Starfsfólk Nettó leggur alúð við að tína til gæða vörur sem viðskiptavinir Nettó hafa pantað á netinu og býr það til heimsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



í viku og verslunarhúsnæði mun dragast saman.“


Aðgerðir vegna kórónaveiru

Nettó hefur gert aðgerðaáætlanir vegna Covid-19 þegar kemur að öllu ferli heimsendingarþjónustunnar.

„Það á við um starfsfólkið sem tinir til pantanirnar og bílstjórana sem sækja pantanir og fara með heim til viðskiptavina. Því eru allar sendingar Nettó orðnar snertilausar og við afhendum engar vörur beint í hendur viðskiptavina heldur skiljum þær eftir fyrir utan á umsömdum tíma. Þá erum við með sóttvarnaáætlun í búðunum og bílum Aha, þrífum og sótthreinsum alla álagfleti, kórfur og innkaupakerrur á fjögurra tíma fresti og bílarnir eru sótthreinsaðir á milli sendinga. Við tókum ákvörðun um að setja bílstjórana ekki í hættu við að afhenda vörurnar sjálfir og fólk skrifar einfaldlega í athugasemdum við innkaupin á netinu: Ég er í sóttkví. Vinsamlegast skiljið vörurnar eftir fyrir utan,“ útskýrir Gunnar Egill.

Er jákvæður að eðlisfari

„Ég held, þegar upp er staðið, að kórónaveiran muni breyta neysluhegðun landsmanna. Margir eru vanir því að kaupa sér



Það tekur þrjú til fimm skipti að komast upp á lagið með að panta á netinu.

fatnað, skó og raftæki á netinu en matarkaup eru aðeins flóknari og þarf þrjú til fimm skipti til að verða vanur netkúnni. Á síðustu tveimur vikum hafa þúsundir viðskiptavina gert matarinnkaupin í vefverslun Nettó og það eru miklar líkur á að þeir hætti ekki að gera innkaup sín á netinu þegar faraldurinn gengur yfir. Fyrsti þröskuldurinn er kannski erfiður en ekki sá næsti og eftir fimm pantanir verður leikur einn að panta stóra sendingu,“ segir Gunnar Egill.

Hægt er líka að sækja vörur sem pantaðar eru í vefverslun Nettó í læsta skápa í verslun Nettó í Mjódd. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Ég held að kórónaveiran muni breyta neysluhegðun landsmanna. Á undanförunum tveimur vikum hafa þúsundir gert matarinnkaup í vefverslun Nettó og miklar líkur á að þeir hætti því ekki þegar faraldurinn gengur yfir.

„Okkar hugmyndafræði er að létta fólki lífið. Verðið er jafn lágt og áður og ef maður hugsar út í sparnaðinn með því að fara bara einu sinni til tvisvar í viku í búðina er maður strax búinn að spara sér hálf tíma á viku. Það gerir tvær klukkustundir á mánuði og heilan sólarhring á ári sem annars færi í búðaráp. Á þessu græða allir; umhverfið, neytandinn og fjölskyldan, við eyðum ekki dýrmætum tíma í að sækja okkur aðföng, við gerum auðveld vikuinnkaup á netinu, fáum matinn sendan frian heim og eignumst fleiri gæðastundir í lífinu og með okkar nánustu,“ segir Gunnar Egill.

Hann horfir líka til framtíðar

„Nú þegar erum við með rafbíla í heimsendingarþjónustu Nettó en hvað svo? Menn tala um sjálfvirkar sendingar með róbótum og drónum og í fyrirasumar gerðum við tilraunir með heimsendingu með dróna. Margir hlæja þegar talað er um þetta en samt er þetta raunveruleikinn og alls engin Matrix-umræða úr fjarlægri framtíð. Nú þegar eru til róbótar sem fara með heimsendingar og sjálfkeyrandi Teslur og því ekki að láta þær keyra matinn heim? Verkefni framtíðarinnar eru spennandi og hvernig skyldi hún verða eftir fimm ár? Eg efast um að þá verði 100 bílar frá Domino's eða Nettó á ferðinni en hver lausnin verður er enn ómögulegt að segja.“

Heimsendingarþjónusta og vefverslun Nettó er á netto.is.



HEIMSENDING SEM HENTAR ALLTAF VEL

SPARITILBOÐ A

- Stór pizza af matseðli
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

4.290 KR.*



SPARITILBOÐ B

- Pizza af matseðli, miðstærð
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

3.890 KR.*



PÖNNUTILBOÐ 1

- Pönnupizza af matseðli
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

4.290 KR.



* Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauffléttan (vegan) botn.

MATARBOÐ

- Tvær stórar pizzur af matseðli
- Tvö meðlæti að eigin vali
- Tvær sósur að eigin vali
- 2 lítra gos

5.990 KR.*



HÓPATILBOÐ

- 2 stórar pizzur með 2 áleggstegundum
- Stór skammtur af brauðstöngum með sósu
- Gott að eigin vali

4.990 KR.*



+3.000 KR. PÖNTUN

Ef verslað er fyrir 3.000 kr. eða meira er heimsending innifalín í pöntuninni.



Matvörur eru langvinsælastar

Aha.is hefur starfað í tæpan áratug en á þeim tíma hefur reksturinn og netverslun þróast og breyst. Aha.is er í senn netverslun, dreifingarfyrirtæki, auglýsingastofa og hugbúnaðarfyrirtæki.

Áð sögn Kristins Jens Bjartmarssonar, rekstrarstjóra hjá aha.is, er fyrirtækið á vissan hátt brautryðjandi á sínu sviði, það er í því að bjóða upp á lausn fyrir almenn fyrirtæki til að selja vörur sínar á netinu og senda heim til viðskiptavina. „Við notumst við hugbúnað sem við höfum sjálf þróað og þykir einstakur á heimsvísu. Hann tengir saman marga mjög ólíka verkþætti og manneskjur í rauntíma sem gefur stjórnendum skýra yfirsýn yfir verkefni og nýtir gervigreind til að styðja frekar við réttar ákvarðanir hjá stjórnendum. Yfir þúsund manns eiga samskipti í rauntíma í gegnum kerfið á hverjum degi – hlutir sem voru áður gerðir með símtölum og póstsamskiptum. Frá árinu 2017 notum við eingöngu rafmagnsbíla,“ segir Kristinn og bendir á að fyrirtækið hafi alltaf lagt mikla áherslu á að veita góða þjónustu og eiga heiðarlegt og gott samstarf við söluaðila og viðskiptavini.

Meira fri fyrir fjölskyldur

„Við leggjum líka mikið upp úr því að framkvæma sendingarnar á umhverfisvænan hátt. Á hverjum degi keyrum við vegalengd sem samsvarar fjarlægðinni til London á rafmagnsbílum. Frá því að við skiptum yfir í rafmagnsbíla höfum við keyrt sem nemur til tunglsins og til baka tæplega tvisvar. Þegar fólk nýtir sér þjónustu okkar getur það átt mun meiri fritíma með fjölskyldu sinni. Eftirspurnin er því sífellt að aukast og að undan-



Kristinn Jens Bjartmarsson, rekstrarstjóri hjá aha.is, segir heimsendingar stöðugt aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

förnu hefur orðið algjör sprenging í fjölda pantana, sendinga og fyrirspurna,“ segir Kristinn.

Starfsemi aha.is hefur gjörbreyst frá því fyrirtækið var stofnað árið 2011. „Fyrst var þetta heimasíða með ýmis tilboð sem síðan hefur þróast mikið. Til dæmis fórum við að senda veitingar frá veitingastöðum yfir í að tengja almennar verslanir við netið og sameina þær í eins konar markaðstorg á netinu. Sífellt bætast fleiri sölu-

aðilar í hópinn. Samstarf við stórar verslanir eins og Nettó hefur svo verið lykillinn að stöðugum vexti undanfarin ár. Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vaxa á þeim hraða sem við teljum okkur geta ráðið við og leggjum áherslu á góð tilboð og framúrskarandi þjónustu.

Matinn heim að dyrum

Íslendingar eru fljótir að tileinka sér nýjungar en þeir eru einnig

kröfuharðir og vilja að hlutirnir gangi fumlaut fyrir sig. Við höfum sent matvöru heim að dyrum á höfuðborgarsvæðinu síðan í maí 2016 með Iceland og frá árinu 2017 með Nettó. Í dag er hægt að kaupa matvöru á aha.is í 14 verslunum Nettó um allt land. Við sendum heim frá höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ og á Akureyri. Þar fyrir utan sendum við auðvitað mat heim frá um 100 veitingastöðum og þó nokkrum verslunum,

„Eftirspurnin er því sífellt að aukast og að undanfögnu hefur orðið algjör sprenging í fjölda pantana, sendinga og fyrirspurna.“

en það færir stöðugt í aukana að fólk sé að redda hlutunum þegar þá vantar í gegnum aha. Í kjölfar fréttu af Covid-19 höfum við sett upp ákveðna viðbragðsáætlun en starfsfólk okkar hefur brugðist eldsnöggt við að breyta ferlum og lágmarka áhættuna. Við verðum samt á sama tíma að biðja fólk afsökunar á því að við höfum ekki náð að halda uppi því þjónustustigi sem við höfum viljað á háannatímum síðustu vikuna, en við erum að fjölga bílum og ráða inn fólk eins hratt og við getum,“ segir Kristinn og bætir við að matvörur séu vinsælasta vara þeirra á eftir veitingum frá veitingastöðum. „Við sendum ólíkar vörur til fólks, það getur verið nýtt hjól, fallegt úr eða eitthvað annað. Viðskiptahópur okkar er kominn yfir 130 þúsund. Gjafabréf á hótél, veitingastaði og snyrtistofur eru alltaf vinsæl og um þessar mundir er til dæmis hægt að kaupa tilbods-gjafabréf á Holtið, Húmarhúsið og Höfnina. Á næstunni munum við kynna sérstök heimsendingartilboð frá völdum veitingahúsum.“

Mun meiri heimsending í Kína

Kórónavírusfaraldurinn hefur valdið mikilli aukningu í eftirspurn eftir heimsendingarþjónustu í Kína. Gæti endað með því að faraldurinn flýti fyrir þróun og framleiðslu sjálfkeyrandi sendibíla.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Kórónavírusinn hefur valdið efnahagssamdrætti í mörgum geirum, en heimsendingarþjónusta virðist ekki hafa orðið fyrir samdrætti. Kínverska sprotafyrirtækið Neolix, sem framleiðir sjálfkeyrandi sendibíla, hefur séð gríðarlega aukningu í eftirspurn eftir bílunum þeirra að undanfögnu, samkvæmt fréttaveitu Bloomberg.

Fyrirtækið er nú komið í viðskipti við ýmis kínversk stórfyrirtæki og samkvæmt stofnanda þess, Yu Enyuan, hefur það bókad pantanir fyrir meira en 200 bíla síðustu tvo mánuði, en fyrir það höfðu aðeins 125 bílar verið framleiddir síðan framleiðsla hófst í maí á síðasta ári.

Kórónavírusinn hefur því veitt sjálfstýrðum vöruflutningum óvænta innspýtingu. Litlu bílarnir frá Neolix hjálpa viðskiptavinum að takmarka líkamlega snertingu og mæta vinnuafllsskortinum sem einangrun í sóttkví og ferðatakmarkanir skapa.

Allir bílar Neolix eru nú í

» Litlu bílarnir frá Neolix hjálpa viðskiptavinum að takmarka líkamlega snertingu og mæta vinnuafllsskortinum sem einangrun í sóttkví og ferðatakmarkanir skapa.

notkun, en þeir eru notaðir til að flytja sjúkragögn til sjúkrahúsa, meðal annars í Wuhan, þar sem faraldurinn hófst. Bílarnir eru líka notaðir til að sótthreinsa götur og flytja mat til fólks sem er í fremstu vöglu í baráttunni gegn vírusnum.

„Eftirspurn hefur rokið upp síðan faraldurinn hófst og það sem skiptir enn meira máli er að viðhorf fólks gagnvart sjálfstýrði heimsendingu hefur alveg snúist við,“ sagði Yu. „Fólk gerir

sér grein fyrir því að slíkir bílar geta gert hluti sem væru hættulegir fyrir fólk.“

Breytingar á regluverki

Milljarðamæringurinn Jack Ma spáði því fyrir þremur árum að innan áratugar myndi einn milljarður heimsendinga fara fram á degi hverjum í Kína og að tæknin fyrir sjálfkeyrandi sendibíla komið að gagni í þróun sjálfkeyrandi bíla til fólksflutninga. Hingað til hafa samt verið strangar takmarkanir á slíkum ökutækjum á veginum í Kína, en vegna farald-

ursins eru göturnar auðar og því hefur verið slakað á reglunum.

Bill Russo, forstjóri ráðgjafarfyrirtækisins Automobility, segir að stafræni þjónustugeirinn í Kína hafi blómstrað í faraldrinum og að það muni flýta fyrir markaðssetningu sjálfkeyrandi heimsendinga.

Kínversk stjórnvöld niðurgreidda nú kaup og rekstur á sjálfkeyrandi sendibílum um allt að 60%, samkvæmt Neolix. Fyrirtækið segir að þessar niðurgreiðslur muni flýta fyrir kynningu ökutækjanna og að það geri ráð fyrir að selja 1.000 bíla á árinu.

Það sem koma skal?

Þróun sjálfkeyrandi sendibíla er ekki bara að verða sífellt hraðari í Kína. Fyrirtækið Nuro, sem framleiðir vélmenni fyrir heimsendingar og er aðalkeppinautur Neolix í Bandaríkjunum, fékk nýlega leyfi til að framleiða ökutæki sín og það gerir þeim kleift að hefja heimsendingar á matvöru. Leyfi Neolix gildir í tvö ár og gefur til kynna að bandarísk yfirvöld telji sjálfkeyrandi sendibíla eiga heima á götum Bandaríkjanna.

Mögulega hægist á þróuninni þegar faraldurinn er að baki, því vinnuafll er ódýrt í Kína. En kannski er þetta vísir að því sem koma skal og að nú séu nýjar þarfir og neysluvenjur að myndast sem þarf að halda áfram að mæta þegar faraldurinn er genginn yfir.



Bílar Neolix eru notaðir í verkefni sem getu reynst hættuleg fólki, eins og að flytja sjúkragögn og mat til sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks og sótthreinsa götur á svæðum þar sem fólk er sýkt af kórónavírus.

MYND/GETTY

Öruggasta matvöruverslunin er á netinu hjá Heimkaup.is

Sprenging hefur orðið í heimsendingu á matvöru á Heimkaup.is síðastliðna daga og ekkert lát er á. Fyrirtækið hefur nú þegar fjölgað starfsfólki í tínslu og útkeyrslu og mun bæta enn frekar í á næstu dögum en þannig kemur það fólki til aðstoðar sem kemst ekki úr húsi til að versla.

Hildigunnur Þráinsdóttir, markaðsstjóri Heimkaup.is, segist líta svo á að fyrirtækið gegni mikilvægu hlutverki í því ástandi sem nú ríkir á Íslandi við að þjóna þeim sem vilja forðast margmenni og ekki síst þeim sem eru í sóttkví, enda má fólk í sóttkví ekki fara sjálft eftir aðföngum samkvæmt leiðbeiningum frá Embætti landlæknis.

„Heimkaup.is er eina matvöruverslunin sem er eingöngu á netinu. Fólk verslar hjá okkur heiman frá sér, snertir ekki innkaupakerrur eða þess háttar og enginn kemst í snertingu við vörurnar fyrr en við afhendum þær. Öryggið er þannig mjög mikið. Öll dagvara, það er matvara og heimilisvara, er afhent einum til þremur klukkustundum eftir að pantað er, við keyrum heim að dyrum. Fólk kaupir bæði meira í einu og hópurinn sem pantar hjá okkur er að breikka, mikið af eldra fólki sem er í áhættuhópi er að panta meira hjá okkur núna.“

Öryggisráðstafanir í samvinnu við Vinnuvernd

Heimkaup.is hefur gripið til mjög strangra ráðstafana til að standast allar þær kröfur sem yfirvöld og viðskiptavinir gera þessar vikurnar. „Við höfum í samstarfi við fyrirtækið Vinnuvernd breytt öllu vinnuskipulagi hjá okkur svo ekkert út af bregði, það er grundvallaratriði að við höfum toppfólk til að þjónusta viðskiptavinum okkar. Vinnuvernd kom í heimsókn til okkar til að fræða starfsfólk um veiruna og smitleiðir og hvernig best sé að haga afhendingum og vinnu í vöruhúsi. Allir munu fylgja mjög skýrum ferlum. Fólk sem hefur aðstöðu til að vinna heima gerir það en svo höfum við líka leigt skrifstofu í öðru húsnæði til að klippa á samgang milli skrifstofufólks og mikilvægasta starfsfólksins; fólksins í tínslu og útkeyrslu. Frá og með deginum í gær er ekkert fólk á skrifstofunum.“

Hildigunnur segir að innleiðing nýrra ferla hafi gengið vel og að allir skilji mikilvægi sitt.

Starfsfólki skipt í hópa

Til að reyna að takmarka útbreiðslu veirunnar mælast heilbrigðisyriföld óhikað til þess að fólk fari í sóttkví þegar aðstæður krefjast þess. Heimkaup.is ætlar að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að starfsfólk á lager fari í sóttkví. „Í samráði við Vinnuvernd höfum við skipt starfsfólki í tínslu og útkeyrslu í hópa sem ekki umgangast og vinna á ólíkum tímum. Hver hópur hefur sína kaffivél, við hættum að nota sameiginlega snertiskjái og svo mætti lengi telja.“ Þá segir hún að spritt sé nú staðalbúnaður hjá starfsfólki, það snerti ekki hurðarhúna eða handföng með berum höndum og þrifið er milli vakti í vöruhúsi.

Bílstjórar nota nýja einnota hanska við hverja afhendingu og setja í sérstaka poka í bilunum eftir hvert stopp. Sendingar eru skildar eftir við dyr viðskiptavina



Hildigunnur Þráinsdóttir, markaðsstjóri Heimkaup.is, segist líta svo á að fyrirtækið gegni mikilvægu hlutverki í því ástandi sem nú ríkir á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Heimkaup.is er eina matvöruverslunin sem er eingöngu á netinu.“

ef þeir óska eftir því. Hildigunnur segir að sér hafi ekkert litist á blíkuna þegar þetta ástand skall á en það hafi komið þægilega á óvart hvað fólk taki þessum ráðstöfunum af miklu æðruleysi og að allir séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum. „Þetta þjappar okkur saman, þó ekki of þétt, svona í efnislegum skilningi.“

Hvað á að gera í sóttkví?

Á forsíðu Heimkaup.is er hnappur fyrir fólk sem er í sóttkví, „Fastur/föst heima“ þar sem er að finna vörur með langt geymslupól og þær vorur sem Embætti land-



Það er hægt að gera öll innkaup heimilisins hjá Heimkaup.is, afar þægilegt.

læknis telur æskilegt að séu til á heimilum í heimsfaraldri. „Þetta hljómar allt svo ógurlega eitt-hvað,“ segir Hildigunnur. „En flest erum við jafn hraust og örugg og við vorum áður en kórónaveiran barst til landsins. Við höfum sett fjöldann allan af vörum inn í flokkinn „Föst heima“ sem eru skemmtilegar og stytta fólki stundir, spil, bækur og púsl. Þau eru nokkur sem hafa sagt okkur hinum frá sinni sóttkví í fjölmíðlum og þau gera það besta úr því. Þá gefst tími til að gera ýmislegt sem alla jafna er ekki á dagskrá. Við alla vega vonum það besta, fylgjumst vel með fréttum og gætum að öryggi okkar og fólksins í kringum okkur.“

Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi. Á síðunni fæst öll matvara og heimilisvara og er afhent samdægurs á höfuðborgarsvæðinu.

Heimsendingar á öldum áður

Einhverjir muna eftir mjólkursendlinum og flestir þekkja pitsusendilinn en báðir eru samofnir hugmyndinni um heimsendingar. Hægt er að rekja sögu þessarar þjónustu langt aftur í tímann.

Hjördís Erna

Þorgeirsdóttir

hjordiserna@frettabladid.is



Á tímum veraldarvefsins með tilheyrandi smáforritum og ógrynni netverslana hefur það sífellt færst í vöxt að fólk kaupi vörur á netinu og fái sendar heim, og það getur verið afskaplega þægilegt. Í gegnum tíðina er það aðallega matur sem hefur verið sendur heim, við mikla gleði viðtakenda, en ef það er eitthvað sem er betra en tilbúinn matur þá er það án vafa tilbúinn matur sem kemur upp að dyrum.

Tilbúinn matur

Hægt er að finna dæmi um tilbúinn mat aftur til Rómaveldis þar sem fólk gat nálgast tilbúinn mat í svokölluðum „thermopoliums“, stórum leirpottum, sem héldu matnum heitum. Það fyrirkomulag er kannski meira í ætt við skyndibita, þar sem gjarnan er gert ráð fyrir að maturinn sé snæddur annars staðar en þar sem hann er útbúinn. Þó er talið að maturinn hafi oft verið sendur heim til fátækra. Fundist hafa ummerki um þessa potta á 80 stöðum, meðal annars í Pompei á Ítalíu.

Einnig er að finna dæmi um svipaða þjónustu hjá Aztekum þar sem stórir opnir matarmarkaðir voru víða og gat fólk þannig nálgast mat sem var tilbúinn til neyslu. Talið er að „tamales“ hafi yfirleitt verið á boðstólum.

Þá má nefna að franskir slátrarar voru farnir að senda afurðir sínar til hefðarfólks á 14. öld.

Sögulegar heimsendingar

Árið 1768 var hægt að fá heimsendar „naengmyeon“ eða kaldar núðlur í Kóreu. Sagt er að það sé fyrsta dæmið um heimsendan mat eins og við þekkjum hann. Efnameira fólk gat svo fengið heimsenda „hyojonggaeng“ eða þynnkusúpu á 19. öld.

Heimsendingar á mjólk hófust á síðari hluta 18. aldar, eða árið 1785 nánar tiltekið, í sveitum Vermont-ríkis í Bandaríkjunum. Í Bretlandi er talið að þjónustan hafi byrjað um 1860. Heimsending á mjólk var meðal annars tilkomin vegna þess hve mjólk geymist illa og skorts á kælum. Aðrar vorur á borð við



Mjólkursendillinn Bill Turner safnar saman tónum flöskum af miklum dugnaði eftir flóð í Thames-ánni í Bretlandi. MYND/GETTY



Ítalska drottningin Margherita sem sögð er hafa fengið fyrstu heimsendu flatbökuna. MYND/GETTY



Karl Bretaprinsinn í hlutverki sendils og færir fólki heimsendan mat eða „Meals on Wheels“. MYND/GETTY



Kona keyrir út mjólk með dyggri aðstoð hunds í Belgíu árið 1922.

smjör, ost og egg voru líka gjarnan afhentar af mjólkursendlum.

Fyrsta staðfesta flatbókuheimsendingin er talin eiga rætur sínar að rekja til Ítalíu árið 1889 þegar Umberto konungur og sjálf Margherita drottning eru sögð hafa beðið Raffaele nokkurn Esposito um að færa þeim flatbóku á meðan þau voru í heimsókn í Napólí. Esposito er sagður hafa, ásamt konu sinni, útbúið flatbökuna með afurðum í sömu litum og eru í ítalska fánanum, með rauðri tómatsósu, hvítum mozzarella-osti og ferskri basilíku. Hjónin eru þá sögð hafa nefnt flatbökuna í höfuðið á drottningunni, henni til heiðurs, en hún naut mikilla vinsælda meðal þegna sinna.

Um svipað leyti stofnaði indverskur maður að nafni Mahadeo Havaji Bachche fyrirtæki sem sá um að elda og afhenda tilbúinn hádegismat til vinnufólks í Mumbai. Hugmyndin var sú að sjá til þess að fátækt verkafólk gæti unnið meira og lengur yfir daginn. Þessi þjónusta gekk undir heitinu „Dabbawala“ og er enn fjöldi fyrirtækja sem bjóða upp á þjónustu af þessu tagi og setja sendlarnir, klyfjaðir ílátum á reiðhjólum, áberandi svip á mannlífði í Mumbai-borg.

Í seinni heimsstyrjöldinni var svo um skeið útbúinn og afhentur matur til fjölskyldna í Bretlandi sem höfðu misst heimili sín í sprengjuárásum Þjóðverja ásamt fleiri fjölskyldum um allt landið í

þeim tilgangi að viðhalda góðum mórál meðal stríðshráðra landsmanna. Út frá þessu framtaki varð svo til „Meals on Wheels“ þjónustan þar sem öldruðum og öðrum í erfiðri stöðu voru færðar heitar máltíðir upp að dyrum.

Allt sem hugurinn girnist

Heimsendingar á kínverskum mat urðu svo vinsælar í New York upp úr miðbiki síðustu aldar ásamt flatbökunni sigildu og hér á landi var farið að skrifa um heimsendingar á vörum í blöðum á fjórða áratugnum.

Margir muna eftir sjónvarpsmörkuðunum þar sem fólk gat fest kaup, símleidis, á hinum ýmsu vörum sem voru auglýstar í sjónvarpinu. Hér á landi náðu vorur á borð við bumbubanann töluverðum vinsældum en hann var auglýstur grimmt í Sjónvarpsmarkaðnum sáluga.

Með komu veraldarvefsins við lok seinustu aldar varð svo sannkölluð bylting í heimsendingum þar sem fólk gat skyndilega keypt nokkurn veginn hvað sem var á netinu og fengið sent heim. Dæmi um furðulega hluti sem hægt hefur verið að kaupa á netinu er meðal annars vopnasett til þess að berjast við uppvakninga, hárnæla skreytt dauðri mús, nemi fyrir fljúgandi furðuhluti, ímyndaðir vinir, rafhlöður sem ganga fyrir þvagsýru og Cheetos-snakk í laginu eins og góríllan Harambe, svo eitthvað sé nefnt.


LÍFRÆN VOTTUN

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Vottunarstofuna Tún að sérblaði. Blaðið mun innihalda alls kyns fróðleik um lífrænar afurðir, ásamt viðtölum og umfjöllunum. Blaðið kemur út 13. mars nk.

Vertu viss um að tryggja þér gott auglýsingapláss í langmest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is





Fáðu næsta pakka á N1

Nú geturðu valið að sækja sendinguna þína frá netverslunum ELKO og ASOS á sjö af þjónustustöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu – jafnvel allan sólarhringinn. Við tökum netverslunina alla leið svo þú getur strax byrjað að hlakka til næsta pakka!



Við afhendum sendingar á eftirtöldum þjónustustöðvum í samstarfi við Dropp:
N1 Ártúnshöfða, N1 Hringbraut, N1 Fossvogi, N1 Borgartúni, N1 Skógarseli,
N1 Háholti í Mosfellsbæ og N1 Lækjargötu í Hafnarfirði.



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.
Ódýrar & vandvirkar ræstingar.

Sjá uppl. www.fmjthrif.is
FMJ Þrif ehf.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Málalarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

NULL

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Trésmíði

TRÉSMÍÐUR
tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sjgverktakar@gmail.com

Ás styrktarfélag

Aðalfundur

Ás styrktarfélag heldur aðalfund sinn miðvikudaginn 25. mars 2020 kl. 17:00 í Ögurhvarfi 6 Kópavogi.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar.
Félagar og annað áhugafólk velkomið.

Stjórnin.

Húsnæði

Húsnæði í boði

4ja herbergja íbúð til leigu í Galtalind Kóp, er laus nú þegar. 260 þús á mán m/hússjóð. Uppl. s: 892-4268

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464
þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Dalsbraut 22-30

OPIÐ HÚS
Miðvikudaginn 11. mars kl. 17:00 - 17:30

Fullbúnar sýningaríbúðir eru staðsettar á Dalsbraut 26

Dalsbraut er á góðum stað í ytri Njarðvík þar sem stutt er til Hafnarfjarðar, um 20 mín.

- Um er að ræða **nýjar tilbúnar 4ra** herbergja vel skipulagðar íbúðir.
- Hvert hús er tveggja hæða og stærð íbúða er frá **106,7 fm til 108,2 fm.**
- Með íbúðum á **1. hæð fylgir stór séreignagarður** sem heimilt er að girða.
- Fjöldi **bílastæða** og hleðslustöðva.
- **Glæsilegar innréttingar** eru hannaðar af Hönnu Stínu innanhúsakitekt.
- **Stutt er í alla þjónustu** að Fitjum og útivistarsvæði.
- Öllum íbúðum fylgir **sér geymsla** á jarðhæð, þar sem einnig er hjóla- og vagnageymsla í sameignarrými.
- Fyrirhuguð er mikil uppbygging á svæðinu m.a. bygging Staðaskóla heildsstæðs skóla.

Nánari upplýsingar veita:



Gunnar S. Jónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Þórhallur Blering
Lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Avel Avelsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Óskar H. Bjarnason
Lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Verð frá: **39,9 millj.**

MIKLABORG

569 7000 • Lágmúla 4 • mikiaborg.is
Óskar R. Hardarson og Jason Guðmundsson, löggjfr. fasteignasalar

Drög að tillögu að matsáætlun allt að 200 MW vindorkugarðs á Mosfellsheiði

Hafið er mat á umhverfisáhrifum vindorkugarðs á Mosfellsheiði innan sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps og Ölfuss. Garðurinn yrði reistur í áföngum og gæti orðið allt að 200 MW.

Zephyr Iceland ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af Mannviti hf.

Á vefsíðu Mannvits (www.mannvit.is) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar.

Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum almennings og er frestur til **25. mars 2020**. Athugasemdir og ábendingar skulu sendar á netföngin haukur@mannvit.is og ketill.sigurjonsson@zephyr.is.

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST

Ráðningar



FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 676, 4. júlí 2019

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðarkvóta til fiskiskipa fyrir:

Suðurnesjabær (Sandgerði)
Borgarfjarðarhreppur (Borgarfjörður Eystri)

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 191/2020 í Stjórnartíðindum

Sveitarfélagið Árborg (Stokkseyri og Eyrarbakki)
Suðurnesjabær (Garður)
Sveitarfélagið Vogar
Snæfellsbær (Arnarstapi og Ólafsvík)
Árneshreppur (Norðurfjörður)
Kaldrananeshreppur (Drangsnæs)
Strandabyggð (Hólmavík)
Húnaþing Vestra (Hvammstangi)
Sveitarfélagið Skagaströnd
Norðurþing (Raufarhöfn og Kópasker)
Vopnafjarðarhreppur
Fjarðarbyggð (Stöðvarfjörður)
Fjarðarbyggð (Breiðdalsvík)
Fjarðarbyggð (Mjóifjörður)

ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt, einnig skal skila staðfestingu um vinnslusamning sem viðhengi í umsóknargáttina á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is).

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2020

Fiskistofa, 10.03.2020